

Óska eftir skriflegu svari við neðangreindum spurningum frá þeim aðilum sem þar eru tilgreindir.

Frumvarp viðskiptaráðherra
um sölu á 15% hlut úr Landsbanka
og Búnaðarbanka.

382
Alþingi
Erindi nr. P 125/382
komudagur 7.12.199

Spurningar til Seðlabanka, Þjóðhagsstofnunar, Fjármálaeftirlits, Verðbréfaþings, Samkeppnisstofnunar Samtök fjárfesta og Viðskiptaráðuneytis.

1. Hver verða áhrif á þennslu, vexti, verðbólgu, gengi og hlutabréfamarkað m.v. líklega hegðun kaupenda að hlutafénu?
a) að mati Seðlabanka
b) að mati Þjóðhagsstofnunar
c) að mati Samtaka verðbréfafyrirtækja
Hvaða áhrif hafði 15% hlutfjárukning í Landsbanka og Búnaðarbanka á s.l. ári á þennsluna í þjóðfélaginu að mati Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar?
2. Hver verða áhrifin ef söluandvirði verður ráðstafað til fjárfestinga?
a) að mati Seðlabanka b) að mati Þjóðhagsstofnunar
Er æskilegt að ákveða fyrirfram með tilliti til þennslu og verðbólgu hvernig ráðstafa á söluandvirði hlutafjárins.
3. Er tímasetning sölunnar nú í desember æskileg?
a) að mati Seðlabanka b) að mati samtaka verðbréfafyrirtækja
c) að mati fjármálaeftirlits d) að mati verðbréfaþings.
4. Hvaða áhrif getur salan haft v/ hugsanlegs 2000 vanda á fjármálamarkaði
5. Hvaða áætlanir liggja fyrir um sölu á Landsbanka og Búnaðarbanka á kjörtímabilinu. (viðskiptaráðuneytið)
6. Er æskilegt/nauðsynlegt að stefnumótun/markmið (pólítísk-fagleg) og fyrirfram mótaðar áætlanir liggi fyrir um framtíðarþróun á fjármálamarkaði og einkavæðingu banka áður en ráðist er í sölu á fjármálastofnunum í ríkiseign. (Svar óskast frá Seðlabanka, Verðbréfaþingi, Samtökum verðbréfafyrirtækja og viðskiptaráðuneytið)
7. Hverjir eru kostir þess og gallar m.a. fyrir hlutafjár- og lánsfjármarkaðinn að slík fyrirfram mótuð stefnumörkun liggi fyrir?
8. Eru leikreglur um fjármálamarkaðinn m.a. löggjöf um Samkeppnisstofnunnægilega traustar til að fyrirbyggja eins og kostur er valdasambjöppun á fjármálamarkaði og tryggja dreifða eignaraðild? Er rétt að lögbinda hámarkseign og atkvæðisrétt? Hver er æskileg hámarkseign eins aðila eða tengdra aðila á fjármálamarkaði? (Svar frá fjármálaeftirliti, Samkeppnisstofnun, Verðbréfaþingi, Seðlabanka)
9. Hvernig skiptist eignaraðild (fjöldi hluthafa og eignarhlutar)sundurliðað eftir fjármálastofnunum? Eiga sömu aðila eða tengdir aðilar hlut í fleiri en einni fjármálastofnun Hvað eiga aðilar með ráðandi markaðshlut á sviði tryggingafélaga, oliufélaga og í flutningastarfsemi og sjávarútvegi stóran hlut í fjármálastofnunum?(Verðbréfaþing , Samkeppnisstofnun og viðskiptaráðuneyti)
10. Er æskilegt með tilliti til hugsanlegrar valdasambjöppunar og nauðsynlegrar þróunar og aðlögunar á fjármálamarkaði að annarhvor bankanna eða báðir –Landsbanki og Búnaðarbanki verði á næstu árum í meirihlutaeign ríkisins? (svar frá Seðlabanka, Samkeppnisstofnun, Fjármálaeftirliti og Verðbréfaþing)
11. Hver hefur orðið þróunin í hlutabréfaeign árlega s.l. 10 ár? Hvert er mat Fjármálaeftirlits, Verðbréfaþings og Seðlabanka á áhrifum og þróun ört vaxandi hlutabréfaeignar síðustu ára m.a. fyrir fjármálamarkaðinn og hluthafa? Hvernig skiptist hlutabréfaeignin eftir

starfsgreinum? Hvert er heildarmarkaðsvirði hlutafjár og hve hátt hlutfall er áformuð sala á nýju hlutafé (a) ríkisins b) annarra nú í desember?.(Svar frá Fjármálaeftirliti, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Verðbréfafélag, Seðlabanka)

12. Hvað liggur fyrir um framboð af hlutabréfum nú og hvernig má ætla að þróunin verði á næstunni? (Svar Verðbréfafélag, samtök verðbréfafyrirtækja, fjármálaeftirlit)
13. Er æskilegt/nauðsynlegt að mati Verðbréfafélags og Seðlabanka með tilliti til mikillar "kennitölusölu" í síðustu hlutafjárútböðum FBA, Landsbanka og Búnaðarbanka að gera fyrirfram ráðstafanir til að fyrirbyggja að kennitölusöfnun, sem gengur gegn markmiðum um dreifða eignaraðild endurtaki sig? Ef svo er þá hverjar? (Svar frá Verðbréfafélagi og Fjármálaeftirliti)
14. Hverjar eru helstu skýringar á tvöföldun á gengi hlutabréfa í FBA, Landsbanka og Búnaðarbanka frá því sala á hlutafé fór fram á síðasta ári, en markaðsvirði þeirra hefur farið úr um 30 milljarða í um 60 milljarða á þeim tíma? Eru líkur á því að hlutur ríkisins hafi verið seldur á undirverði? (Svör óskast frá Fjármálaeftirliti, Verðbréfafélagi og Seðlabanka)
15. Hverjar eru líkur á fækkun og samruna innlánsstofnana á næstu 4 árum.? Hver er æskilegast þróunin í því efni m.t.t. hagræðingar, hagkvæmrar þjónustu fyrir neytendur og til að sporna gegn valdasamþjöppun og fákeppni? Er sameining Landsbanka og Íslandsbanka annars vegar og Búnaðarbanka og Fjárfestingarbanka hinsvegar æskileg þróun í því efni? (Svar frá Samkeppnisstofnun, Seðlabanka og Fjármálaeftirliti) Eru uppi áform af hálfu ríkisstjórnarinnar /viðskiptaráðherra að stuðla að slíkri þróun?
16. Hver voru útlánatöp Landsbanka og Búnaðarbanka á árinu 1998 og hver hefur þróunin verið á afskriftareikningi útlána hjá þessum bönkum? Fá yfirlit yfir hagnað/tap innlánsstofnan s.l. 5 ár?
17. Er æskilegt að erlendir fjárfestar fjárfesti í fjármálastofnunum hér á landi að mati Seðlabanka, Fjármálaeftirlits og Viðskiptabanka? Ef svo er eru uppi áform sem stuðlað geta að slíkri þróun?
18. Hvernig hefur fjöldi starfsmanna verið árlega s.l. 5 ár.?
19. Hvernig hafa þjónustugjöld hjá innlánsstofnunum þróast s.l. 5 ár sundurliðað eftir innlánsstofnunum?